

Línuhönnun hf
Ingibjörg E. Björnsdóttir
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík

2001010079
0000; 9310

Reykjavík, 30. apríl 2001
/--

Efni: Færsla Hringbrautar í Reykjavík. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Borgarverkfræðingsins í Reykjavík og Vegagerðarinnar að matsáætlun um færslu Hringbrautar í Reykjavík.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Línuhönnunar dags. 21. mars 2001 tillaga Borgarverkfræðingsins í Reykjavík og Vegagerðarinnar að matsáætlun:

Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, Vegagerðin og Línuhönnun verkfræðistofa. Færsla Hringbrautar í Reykjavík. Tillaga að matsáætlun. Mars 2001.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Borgarráði Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins og Þjóðminjasafni Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Borgarráði Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 24. apríl 2001, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 28. apríl 2001, Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 28. apríl 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 11. apríl 2001 og Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 4. apríl 2001. Skipulagsstofnun bárust svör frá framkvæmdaraðila við umsögnum með bréfi dags. 20. apríl 2001.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun.

Hér að aftan er gerð grein fyrir athugasemdum Skipulagsstofnunar við framlagða tillögu að matsáætlun:

Efnistaka. Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun, kafla 7.1.3, er fjallað um efnistöku.

Efnisþörf vegna framkvæmdanna er 90.000 m³. Í tillögu að matsáætlun er ekki gefin upp staðsetning fyrirhugaðra efnistökuastaða og umfangi og afmörkun efnistöku úr efnistökuastaðum þar með ekki lýst. Í matsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvaða efnistökuastaðir koma til greina við öflun jarðefna til framkvæmdarinnar, hvernig staðið verði að efnisflutningum í megindráttum og hugsanlegum umhverfisáhrifum af efnistöku og -flutningum. Skipulagsstofnun hefur hvorki undir höndum upplýsingar um leyfi sem hafa verið gefin út vegna efnistöku í námum í nágrenni Reykjavíkur né hvort þar sé nægilegt efni til staðar vegna matsskyldra framkvæmda. Skipulagsstofnun veur athygli á að hugsanlega er efnistaka úr námum vegna framkvæmdarinnar tilkynningarskyld sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Sé svo kann að þurfa að vinna sérstakt mat á umhverfisáhrifum fyrir hvern efnistökuastað.

Valkostir/tillögur. Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun, kafla 6, er fjallað um um valkosti og tillögur að gatnamótum.

Í tillögu að matsáætlun er einum valkosti á legu Hringbrautar lýst en nokkrum tillögum af gatnamótum við aðrar götur og göngutengslum í nágrenni hennar. Skv. valkosti framkvæmdaraðila og þeirri tillögu að gatnamótum sem þar kemur fram er ekki hægt að beygja til vesturs frá Snorrabraut inn á nýju Hringbraut heldur þarf fyrst að fara inn á gömlu Hringbraut, framhjá Landspítala - Háskólasjúkrahúsi og um um tvenn gatnamót við Barónstíg áður en hægt er að komast inn á nýju Hringbraut. Þar með má ætla að helsti umferðarþungi sem verða mun um gömlu Hringbraut að loknum framkvæmdum verði á kafla við Landspítalan - Háskólasjúkrahús. Í matsskýrslu þarf að fjalla um hvernig þær tillögur að gatnamótum sem kynntar eru samræmast meginmarkmiði framkvæmdarinnar sem kemur fram í kafla 4.1 í tillögu að matsáætlun: "að sameina Landspítalalóðina beggja vegna gömlu Hringbrautar í samræmi við samning ríkis og Reykjavíkurborgar þar um og að bæta aðgengi akandi og gangandi vegfarenda að Landspítalanum - Háskólasjúkrahúsi". Í þessu samhengi þarf að meta kosti og galla hvernig og einnar tillögu að gatnamótum Hringbrautar og Snorrabrautar/Bústaðavegar.

Stefán Thors
Halldórsson

Óli

Afrit :
Borgarráð Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Náttúrufræðistofnun Íslands,
Náttúruvernd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands.